



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 140/1111
komudagur 21.2.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 20. febrúar 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra og lögum um heilbrigðisþjónustu (sameining vistunarmatsnefnda), 307. mál, stjórnarfrumvarp.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra og lögum um heilbrigðisþjónustu (sameining vistunarmatsnefnda), 307. mál á 140. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 2. febrúar sl.

Ekki verður betur séð en að með frumvarpinu séu ákvæði um vistunarmatsnefndir, sem nú eru í 2. mgr. 16. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 með síðari breytingum, færð yfir í 15. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Er það skynsamlegt þar sem lagaákvæði um vistunarmat eiga betur heima í lögum um málefni aldraðra. Þá eru sameinaðar vistunarmatsnefndir vegna dvalarrýmis annars vegar og hjúkrunarrýmis hins vegar. Í ljósi þróunar í búsetumálum aldraðra sýnist það einnig skynsamlegt.


Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til nýtt orðalag á núverandi 3. og 4. mgr. 15. gr. laga um málefni aldraðra. Við þessa breytingu fellur niður núverandi 3. mgr. 15. gr. laga um málefni aldraðra, sem er svohljóðandi:

„Hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skal meta þörf einstaklingsins fyrir vistun á öldrunarstofnun eða fyrir önnur úrræði.“

Ekki kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu af hverju lagt er til að þessi regla verði felld brott. Reglan sýnist skynsamleg, en vera kann að búið sé að tryggja með ófrávikjanlegu verklagi að aldraður einstaklingur sé alltaf settur í vistunarmat eftir nánar tilgreindan tíma á sjúkrahúsi og því sé hún í raun óþörf. LÍ leyfir sér þó að benda á að það geti verið skynsamlegt að halda þessari reglu í 15. gr. laga um málefni aldraðra, enda leggur hún aðgerðarskyldu á starfsmenn sjúkrahúss í þeim tilvikum, sem þar eru tilgreind. Undir venjulegum kringumstæðum er miðað við að frumkvæði að vistunarmati komi frá hinum aldraða sjálfum en hér er frumkvæðisskyldan á sjúkrahúsinu. Ekkert sýnist mæla því í mót að þessi málsliður haldist inni í 3. mgr. 15. gr. og komi til dæmis strax á eftir 1. másl. 3. mgr. í þeirri mynd sem lagt er til að málgreinin verði.

A.ð.l. telur LÍ ekki ástæðu til að tjá sig frekar um efni þessa lagafrumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,


Þorbjörn Jónsson,
formaður.